

44. fundur sveitarstjórnar Langanesbyggðar, haldinn fimmtudaginn 9. febrúar 2012, kl. 17:00 á skrifstofu Langanesbyggðar á Þórshöfn.

Mætt: Siggeir Stefánsson oddviti, Dagrún Þórisdóttir, Gunnólfur Lárusson, Indriði Þóroddsson, Steinunn Leósdóttir og Ævar Rafn Marínósson. Jafnframt situr fundinn Helgi Mar Árnason, sem ritar fundargerð.

Oddviti setti fundinn, bauð fundarmenn velkomna og spurði hvort gerðar væru athugasemdir við fundarboð. Svo var ekki.

DAGSKRÁ:

1. Fundargerð sveitarstjórnar, dags. 26.01.2012

Lögð fram til kynningar.

2. Fundargerð Sambands íslenskra sveitarfélaga, dags. 27.01.2012

Lögð fram til kynningar.

3. Fundargerð skipulags- og bygginganefndar, dags. 08.02.2012

Siggeir Stefánsson bendir á hugsanlegt vanhæfi sitt til að fjalla um 1. lið fundargerðarinnar. Atkvæði greidd um vanhæfið. Vanhæfið samþykkt með 4 atkvæðum, 1 sat hjá.
Fundargerðin samþykkt samhljóða.

4. Skýrsla sveitarstjóra

a. Ályktun vegna Vaðlaheiðargangna

Sveitarstjóri leggur til að sveitarstjórn sendi frá sér eftirfarandi ályktun:

„Sveitarstjórn Langanesbyggðar skorar á stjórnvöld að samþykkja ríkisábyrgð á fjármögnun framkvæmda við Vaðlaheiðargöng, svo hefja megi framkvæmdir sem fyrst.

Vaðlaheiðargöng munu bæta búsetuskilyrði í sveitarfélögunum austan Vaðlaheiðar til muna; þau verða mikil samgöngubót með tilheyrandi kostum fyrir atvinnulíf á svæðinu, ekki síst ferðaþjónustu. Þá mun umferðaröryggi aukast með tilkomu ganganna og aðgengi að hverskonar þjónustu, sem íbúum þessara sveitarfélaga stendur ekki til boða í heimabyggð, s.s. ýmiskonar heilbrigðisþjónustu, mun batna verulega.

Það skiptir miklu máli fyrir jaðarbyggðir á borð við Langanesbyggð að samgöngur til og frá sveitarfélaginu séu í góðu lagi. Í sveitarfélaginu er stunduð öflug útgerð og fiskvinnsla og þar fer fram mikil verðmætasköpun. Ætla má að verðmæti þeirra sjávarafurða sem framleiddar voru í Langanesbyggð á síðasta ári séu vel á sjötta milljarð króna. Íbúum sveitarfélagsins hefur fjölgað, meðalaldur þeirra lækkað og skatttekjur á hvern íbúa hækkað umtalsvert á síðustu árum. Íbúar sveitarfélagsins þurfa aftur á móti að leggja í umtalsverðan kostnað til að sækja ýmiskonar þjónustu sem aðrir landsmenn, einkum íbúar á suðvesturhorni landsins, telja sjálfsagða og auðfengna. Samgöngur á tímum síhækkandi eldsneytisverðs eru mjög dýrar og því situr landsbyggðin ekki við sama borð og íbúar höfðuborgarsvæðisins hvað varðar aðgengi að þessari þjónustu.

Vaðlaheiðargöng munu leysa af hólmi Víkurskarð, sem er mikill farartálmi á veturna. Veigrar fólk sér við að fara um skarðið ef veðurútlit er ekki gott og frestar t.a.m. læknisheimsóknun, oft með slæmum afleiðingum. Fyrir skemmstu tók það sjö klukkustundir að koma sjúklingi á sjúkrahús á Akureyri eftir vinnuslys á Þórshöfn, ekki síst vegna ófærðar á Víkurskarði. Þar sem ekki var hægt að flytja hinn slasaða til Akureyrar með flugi vegna veðurs, var hann því sendur af stað með sjúkrabil. Í ljósi boðaðs niðurskurðar á sjúkrahúsinu á Húsavík er enn brýnna að greið leið sé fyrir sjúklinga til Akureyrar frá svæðunum austan Vaðlaheiðar. Í skriflegu svari Guðbjarts Hannessonar, velferðarráðherra, við fyrirspurn Sigmundar Ernís Rúnarssonar á Alþingi nýverið, kom auk þess fram að konur á Þórshöfn á Langanesi eiga um lengstan veg að fara til að fæða börn á sjúkrahúsi en frá Þórshöfn eru um 250 km til Akureyrar og jafnlangt til Neskaupstaðar.“

Ályktunin samþykkt samhljóða.

- b. Sveitarstjóri átti fund með fulltrúum Atvinnuþróunarfélags Þingeyinga og Þróunarfélags Austurlands um tækifæri í atvinnumálum sveitarfélagsins.

5. Þriggja ára fjárhagsáætlun Langanesbyggðar

Seinni umræða um þriggja ára fjárhagsáætlun. Áætlunin lögð fram með eftirfarandi greinargerð:

„Þriggja ára fjárhagsáætlun sveitarfélags er ætlað að vera rammi utan um árlegar fjárhagsáætlanir þess. Tilgangur hennar er að sveitarstjórn horfi til framtíðar og setji ramma um rekstur, framkvæmdir og fjármál sveitarfélagsins, með ákveðin markmið í huga. Þannig má áætla hvaða áhrif ákveðin þróun hefur á fjárhag sveitarfélagsins eða hver áhrif stórra framkvæmda geta orðið. Þriggja ára fjárhagsáætlun er þannig leiðbeinandi fyrir stjórn sveitarfélagsins, á meðan hin árlega fjárhagsáætlun er skuldbindandi hvað varðar ráðstöfun fjármuna og fjármálastjórn sveitarfélagsins á reikningsárinu.

HELSTU FORSENDUR FJÁRHAGSÁÆTLUNAR 2013-2015

Í þriggja ára fjárhagsáætlun Langanesbyggðar fyrri árin 2013-2015 er fjárhagsáætlun ársins 2012 lögð til grundvallar. Hvað varðar tekjur og gjöld er miðað við sömu forsendur á áætlunartímabilinu og á árinu 2012.

Áætlunin er á verðlagi ársins 2012. Frá árslokum 2008 hefur Langanesbyggð, rétt eins og önnur sveitarfélög, gengið í gegnum tímabil efnahags- og fjárhagsferiðleika, sem riðu yfir landið í kjölfar hrunsins svokallaða. Í áætluninni er gert ráð fyrir að birta fari í efnahagsmálum þjóðarinnar og böndum komið á verðbólguna. Afskriftir eru hækkaðar til samræmis við hækkun afskriftarstofns.

TEKJUR

Í áætluninni er gert ráð fyrir að íbúafjöldi Langanesbyggðar standi í stað. Jafnframt er áætlað að umsvif verði sambærileg allt áætlunartímabilið.

Ísfélag Vestmannaeyja hefur unnið að verulegri uppbyggingu á Þórshöfn síðustu misseri og sér ekki fyrir endann á henni ennþá. Langanesbyggð á mikið undir að veiðar á síld og makríl gangi vel á komandi árum og er ekki útlit fyrir annað er að svo geti orðið. Þá hefur loðnuvertíð á yfirstandandi ári gengið vonum frammar sem sömuleiðis hefur mikið að segja fyrir hagvöxt í sveitarfélaginu.

Í áætluninni er miðað við að sömu útsvarstekjur og sama álagningarhlutfall álagðra skatta og gjalda og í fjárhagsáætlun ársins 2012. Tekjur frá Jöfnunarsjóði sveitarfélaga eru einnig áætlaðar óbreyttar á áætlunartímabilinu, sem og þjónustutekjur.

GJÖLD

Áfram verður leitað hagræðingar og aðhalds í launakostnaði og almennum rekstri sveitarfélagsins. Ráðgert er að rekstrargjöld verði eins á áætlunartímabilinu og árið 2012. Ekki er áætlað sérstaklega fyrir kjarasamningsbundnum launahækkunum, því gert er ráð fyrir að þær leiði til hækkunar útsvars sem nemur hækkunum. Miðað er við að laun á áætlunartímabilinu verði nánast eins og á árinu 2012.

Á síðustu árum hefur verið unnið markvisst að því að greiða niður skuldir sveitarfélagsins, s.s. með sölu félagslegra íbúða. Stefnt er að því að selja fleiri íbúðir í eigu sveitarfélagsins og lækka þannig fjármagnskostnað en frekar. Þannig ætti að nást fram betri rekstrarniðurstæða í samstæðunni.

Í ársreikningi Langanesbyggðar 2010 voru skuldir og skuldbindingar sveitarfélagsins 116% af heildartekjum eða verulega fyrir innan þau viðmiðunarmörk sem sveitarfélögum eru sett í nýjum sveitarstjórnarlögum (150%). Á árið 2011 seldi Langanesbyggð 6 félagslegar íbúðir og því má áætla að hlutfallið sé nú nokkuð innan við 100%. Þannig ættu að skapast fjármunir á næstu árum til að gera sveitarfélaginu kleift að sinna skyldum sínum betur og byggja upp og viðhalda mannvirkjum sveitarfélagsins með ásættanlegum hætti.

FYRIRHUGAÐAR FRAMKVÆMDIR

Helstu framkvæmdir sem sveitarfélagið stefnir á að ráðast í næstu þremur árum:

- *Hafnarframkvæmdir*
 - *Á árunum 2013 og 2014 er áætlað að Langanesbyggð þurfi að verja um 51,5 milljónum króna til fyrirhugaðara hafnarframkvæmda í Langanesbyggð, þar af 6 milljónum króna til Bakkafjarðarhafnar. Heildarkostnaður við framkvæmdarnir er áætlaður um 157 milljónir króna og mun Langanesbyggð bera 40% af kostnaðinum, um 51,5 milljón króna að fenginni endurgreiðslu virðisaukaskatts.*
- *Viðhald á fasteignum sveitarfélagsins*
 - *Áætlað er fyrir 10 milljónum króna á ári allt áætlunartímabilið, samtals 30 milljónir króna, til viðhalds á fasteignum sveitarfélagsins, s.s. íþróttahúss á Þórshöfn, grunnskólans á Bakkafirði og félagsheimilisins Þórsvers á Þórshöfn.*

Ekki er gert ráð fyrir lántökum vegna ofangreindra framkvæmda. Yfirlit rekstrar, eigna og sjóðstreymis má sjá í meðfylgjandi gögnum.

AÐ LOKUM

Með þessari áætlun er mörkuð sú meginstefna að rekstrarafkoma Langanesbyggðar verði jákvæð öll ár áætlunartímabilsins. Ásamt því að halda áfram að greiða niður skuldir sveitarfélagsins, skal reynt eins og framast er kostur að hlúa vel að eignum sveitarfélagsins. Áfram verður unnið að því að hafa aðhald á launa- og rekstrarútgjöldum í góðri samvinnu við starfsmenn sveitarfélagsins. Með því að lækka fjármagnsgjöld og rekstrarkostnað, verður vonandi hægt að bæta þjónustu sveitarfélagsins við íbúa og fyrirtæki. Ekki er gert ráð fyrir frekari niðurskurði á þjónustu, umfram það sem kveðið er á um í fjárhagsáætlun ársins 2012.

Til grundvallar þessari áætlun eru bjartari horfur í efnahagslífi landsins, lægri verðbólgu og peningamálunum almennt. Gangi það eftir ætti að vera hægt að halda öllum rekstrareiningum Langanesbyggðar í góðu horfi. Öflugt atvinnulíf á að tryggja sveitarfélaginu tekjur sem eiga að geta tryggt grunnrekstur sveitarfélagsins. Tekjur hafnarinnar á Þórshöfn hafa aukist samhliða auknum umsvifum í fiskvinnslu og er áfram gert ráð fyrir að svo verði. Betra útlit er nú með rekstur dvalar- og hjúkunarheimilisins Nausts en nokkur síðustu misseri en rekstur þess hefur reynst sveitarfélaginu þungur baggi. Þá eru í fjárhagsáætlun ársins 2012 boðaðar aðgerðir til að draga úr launakostnaði sveitarfélagsins sem ættu að skila sér á fullu á rekstrarárunum 2013, 2014 og 2015. Veltufé frá rekstri sem verður til vegna bætts reksturs verður nýtt til að kosta allar áætlaðar framkvæmdir en um leið að greiða niður skuldir.

Gangi áætlunin eftir mun skapast tækifæri til að skapa enn betri búsetuskilyrði í Langanesbyggð og þannig tryggja öflugt mannlíf í sveitarfélaginu til framtíðar.“

Þriggja ára fjárhagsáætlun Langanesbyggðar samþykkt samhljóða.

6. Sala íbúða

Sveitarstjóri kynnti útreikninga á því hvað sala íbúða við Pálmholt 9, Pálmholt 13 og Vesturveg 6b mun kosta sveitarfélagið miðað við fyrirliggjandi kauptilboð, þegar tekið hefur verið tillit til lágmarksframlags Varasjóðs húsnæðismála. Jafnframt lagði sveitarstjóri fram niðurstöður úttektar á ástandi ofangreindra íbúða.

Sveitarstjóra falið að vinna áfram að málinu og ræða við þá aðila sem gert hafa kauptilboð í umræddar íbúðir.

Samþykkt samhljóða.

7. Leikskóli

Oddviti leggur fram tillögu um að hafin verið forkönnun á staðsetningu, hönnun, kostnaði og fjármögnun við smíði nýs leikskóla á Þórshöfn. Lagt er til að sveitarstjóri skipi vinnuhóp, þar sem eiga sæti aðilar frá leikskólanum, sveitarfélaginu, foreldrum, byggingafulltrúi o.s.frv. Einnig að leitað verði eftir skoðunum í samfélaginu, s.s. með spurningakönnun. Lagt er til að niðurstöður forkönnunarinnar liggi fyrir ekki seinna en 1. október 2012. Jafnframt er lagt til að fjárhagsáætlun ársins 2012 verði endurskoðuð með tilliti til þess kostnaðar sem kann að falla til vegna þessarar forkönnunar á þessu ári, þegar hann liggur fyrir.

Greinargerð:

Eins og kunnugt er, er húsnæði leikskólans Barnabóls í dag ófullnægjandi og ljóst að úrbóta er þörf. Til að geta tekið ákvörðun um slíka framkvæmd, þarf fyrst að fara fram vinna innan samfélagsins um ýmis atriði þessu lútandi, áður en lagt verður fjármagn til þarfagreiningar og hönnunar svo að áætla megi endanlegan kostnað. Í kjölfarið þarf að leita fjármögnunar og þá er loks hægt að taka tendanlega ákvörðun um hvort að ráðast á í framkvæmdina eða ekki. Hér er því um langt ferli að ræða og æskilegt að hefja slíka vinnu sem fyrst.

Samþykkt samhljóða

8. Bréf frá Ungmennafélagi Langnesinga, dags. 07.02.2012

Í bréfinu óskar UMFL eftir samstarfi við Langanesbyggð um rekstur félagsmiðstöðvar fyrir unglinga í félagsheimilinu Þórsveri á Þórshöfn. Óskar félagið eftir að sveitarfélagið leggi fram 200 þúsund krónur til stuðnings verkefninu.

Sveitarstjóra falið að ganga frá samstarfssamningi við UMFL.

Samþykkt samhljóða.

9. Bréf vegna kynningar á innsendu erindi til skipulagsstofnunar, dags. 03.02.2012

Lagt fram til kynningar.

Fundargerð lesin upp og samþykkt. Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 19.30.